

HELSTU ÁSKORANIR

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs
Samband íslenskra sveitarfélaga
Skipulagsdagurinn 20. september 2018





1. Loftslagsmál

Loftslagsmálin (og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna) þurfa að komast á dagskrá hjá sveitarstjórnnum

- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til umsagnar – rödd sveitarfélaga þarf að heyrast í umræðunni.
- Sambandið mun í umsögn leggja áherslu á atriði sem snúa að skipulagsmálum, í víðum skilningi.





Loftslagsmálin og aðkoma sveitarfélaga

Dæmi um áskoranir, tækifæri og álitæfni

Orkuskipti í samgöngum

- Innviðir fyrir rafbíla o.fl.
- Rafvæðing skipaflota og hafna
- Almennings-samgöngur

Aukin kolefnisbinding

Endurheimt votlendis

Stóraukin skógrækt

Úrvinnsla lífræns úrgangs

Áhrif loftslagsbreytinga

Hækkun sjávarborðs

Stórskipahöfn á NA-landi?





Efling almenningssamgangna

Borgarlína er stórt uppbyggingar- og fjárfestingaverkefni sem reynir á samstöðu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Aðkoma ríkisins forsenda sem þarf að formgera með lagasetningu.

Almenningssamgöngur milli landshluta eru reknar skv. samningum milli Vegagerðarinnar og landshlutasamtaka.

Skýrslur væntanlegar um fyrirkomulag og framtíðarhorfur verkefnisins

- Viðvarandi hallarekstur sl. 3 ár
- Helsta áskorunin að fjölga farþegum, hvar liggja tækifærin?
- Hverju mun tækniþróun breyta, t.d. sjálfakandi rafbílar?





Náttúruvernd og orkumál - mikil umræða framundan

Frumvarp um **Þjóðgarðastofnun** og tillögur um **Miðhálandisþjóðgarð**.

- Gott samráð við sveitarfélög um þessi mál en líka miklar athugasemdir.
- Mikilvægum spurningum ósvarað í báðum málum.

Sjá [umsögn sambandsins](#) um fyrrnefnda málið

Vinna við **framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár** bætist þar við, ráðgjafanefnd er að rýna [umfangsmiklar tillögur Náttúrufræðistofnunar](#).

Alls 112 tillögur til skoðunar en oft mikil tengsl við þegar friðuð svæði. Markmið laganna er net verndarsvæða.

Á sama tíma er unnið að átaki við gerð friðlýsinga á grundvelli rammaáætlunar og náttúruverndaráætlana.

Þingsályktunartillaga um þriðja áfanga [rammaáætlunar](#) á þingmálaskrá í þriðja sinn.

Vinna hafin við undirbúning fjórða áfanga.





Þjóðgarðar og friðanir – afstaða sambandsins

Vegna fjölgunar ferðamanna og aukinna tekna ríkisins er staða varðandi fjármögnun þjóðgarða og friðlýstra svæða vænleg

Landsáætlun um uppbyggingu innviða er ágætlega fjármögnuð og heildarsýn höfð að leiðarljósi í fyrsta sinn.

Mikil tækifæri til atvinnusköpunar í ferðapjónustu og náttúruvernd

Ýmis atriði þarf að skýra í frv. um Þjóðgarðastofnun, m.a. um aðkomu sveitarstjórna að ákvörðunum um stofnun og stækkun þjóðgarða, eignarnám lands og réttinda, o.fl.

Almenn afstaða sveitarstjórna um land allt hlýtur að vera sú að landsvæði verði ekki friðlýst sem þjóðgarður í óþökk sveitarstjórnar.





Miðhálandisþjóðgarður

Vönduð greiningarvinna liggur fyrir en hverju mun stofnun þjóðgarðs breyta, svo sem um aðkomu sveitarstjórna að ákvörðunum?

Brennandi spurningar eru m.a. um orkuflutning milli landshluta og samgöngumál en einnig aðra nýtingu innan marka þjóðgarðs og, ekki síður, á skilgreindum jaðarsvæðum.

Er flutningur orku í byggð vænlegri kostur???

Takmarkað traust sveitarfélaga í garð ríkisins.

Sporin eftir þjóðlendumálin hræða marga.

Málið þarf tíma og vandaða umræðu.





Staðan í orkumálum

Orkuskipti kalla á aukna orku og bætt flutningskerfi raforku.

Nú er rætt um að lágmarki 500 MW þörf til 2050, án nýrrar stóriðju.

Hvaðan á sú orka að koma?

Alger kyrrstaða í rammaáætlun er áhyggjuefni.

Eru smávirkjanir framtíðin?

Samanlögð umhverfisáhrif þeirra hljóta að vera mikil.

Vindorka gæti verið ákveðin lausn, en á hún heima í rammaáætlun?





Vindorka sem valkostur – eru línur nógu skýrar?

Aukinn áhugi bæði innlendra og erlendra raforkufyrirtækja á því að koma upp slíkri starfsemi hér á landi hefur aukist á síðustu árum.

- Kostnaður við vindorkuver hefur lækkað mjög hratt

Að áliti sambandsins skortir umtalsvert á að lög og reglugerðir fjalli um vindorkuver á sama hátt og gert er um vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir.

Einnig þörf á að móta stefnu um hvaða landfræðileg skilyrði þurfi að vera uppfyllt til að heimilt verði að reisa vindmyllur, hvort sem um er að ræða stakar vindmyllur eða þyrpingu vindmylla.

Starfshópur um lagaumhverfi vindorkuvera er að ljúka störfum en ýmsum spurningum verður líklega áfram ósvarað.





Hvað er svona sérstakt við vindmyllur?



Hæð vindmylla er að aukast erlendis.

150 metra heildarhæð algeng.

Mikil sjónræn áhrif og endurskin og skuggavarp í nágrenni vindorkuvera vel þekkt vandamál

Grenndaráhrif vindorkuvera geta þannig náð yfir allstór svæði
Ljósabúnaður eykur enn á sjónræn áhrif – eru aðrar leiðir heppilegri til að tryggja flugöryggi?

Að líftíma loknum getur skapast hætta nema vindmylla sé rifin

Eftirlit með byggingu, vélbúnaði og viðhaldi vindmylla krefst sérhæfingar sem tæplega er á færi eftirlitsaðila á borð við byggingarfulltrúa, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Vinnueftirlits.





Knýjandi spurningar

Hvaða heimildir hafa sveitarfélög skv. skipulagslögum til að samþykkja eða banna vindorkuver ef landeigandi vill ráðast í slíka framkvæmd?


Þarf hið opinbera ekki að hafa skýra stefnu í þessum málaflokki?

Leiðbeiningablað Skipulagsstofnunar frá 2017

- Gefur takmarkaða leiðsögn og aðeins hugsað sem áfangi. Þemaskýrslur um möguleika til vindorkunýtingar unnar fyrir nokkur sveitarfélög í tengslum við ASK.

Landvernd gaf út stefnu og leiðbeiningar árið 2017.

- Skilaboðin líklega að vindorkuver séu hvergi æskileg.





Verum viðbúin!

Megum vænta hraðrar þróunar í vindorkunýtingu á næstu árum en hugum fyrst að stefnunni!

Hrein orka og skynsamlegt að nýta auðlindina.

En nýting hefur umhverfisáhrif.

Lítill reynsla hér á landi en vel þekkt víða erlendis

Vanda þarf staðsetningu og útfærslu

Ótímabært að sveitarfélög skuldbindi sig til mikillar uppbyggingar á þessu sviði án skýrari stefnu og lagaumhverfis.





Áherslur ráðherra um landsskipulagsstefnu

Megináherslur við endurskoðun

1. Skipulag og loftslagsmál
 2. Skipulag og landslagsvernd
 3. Skipulag og lýðheilsa
- Nánari nálgun á þessi verkefni munu koma fram í skipulagslýsingu, sem sambandið mun rýna í umsögn.
 - Sambandið tilnefnir á næstu dögum tvo fulltrúa í ráðgjafarnefnd um gerð landsskipulagsstefnu
 - Skipulagsmálanefnd sambandsins er bakhjarl fyrir fulltrúa í ráðgjafanefnd

Sveitarfélög eru jafnframt hvött til þátttöku í samráðsvettvangi um málið. Nánari skýringar á ferlinu má sjá á landsskipulag.is

Takk fyrir gott hljóð!

